

Alyktun Formannafundar SSÍ um fiskveiðistjórnun.

Formannafundur Sjómannasambands Íslands styður í meginatriðum fram komin frumvarpsdrög um stjórnun fiskveiða. Þó eru nokkur atriði í frumvarpsdrögum sem fundurinn getur ekki sætt sig við og önnur sem hann vill áréttta.

Formannafundurinn vill áréttta eftirtalin atriði:

1. Formannafundurinn telur eðlilegt eftir þá reynslu sem fengist hefur af fiskveiðistjórnun undanfarinna ára að lögin verði ótímabundin í framtíðinni.
2. Formannafundurinn telur að öllum afluheimildum eigi að úthluta til skipa.
3. Formannafundur SSÍ telur eðlilegt að fiskveiðum verði í framtíðinni stjórnað með einni aðferð. Fundurinn fellst því á að sóknarmark verði afnumið og veiðar smábáta verði teknar undir sama stjórnkerfi og veiðar skipa 10 brl. og stærri. Veiðunum verði í framtíðinni stýrt með aflakvóta á hvert skip.

Varðandi þau atriði sem eru óútfyllt í frumvarpsdrögum ályktar formannafundur SSÍ:

1. Fyrir þau skip sem hafa samanlagt aflamark botnfisks og úthafsækju í þorskígildum talið undir meðaltali síns sóknarmarksflokks fellst formannafundur SSÍ á að þeim verði bætt upp 40% af því sem á vantar að þau nái meðaltalinu.
2. Formannafundur SSÍ er mótfallinn því að álag verði áfram reiknað á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Fundurinn varar við öllum hugmyndum um hækkun á álaginu frá núgildandi lögum um fiskveiðistjórnun.

Formannafundur SSI leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpsdrögum um fiskveiðistjórnun.

1. Fundurinn leggur til að fiskveiðiárið verði annað en almanaksárið og tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um að heppilegt sé að fiskveiðiárið sé frá 1. september ár hvert til 31. ágúst.
2. Formannafundur SSI leggur til að hálfur línuafli í mánuðunum nóv., des., janúar og febrúar verði utan kvóta.
3. Formannafundur SSI leggur til að heimilt verði að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hverrar botnfisktegundar yfir á næsta fiskveiðiár.
4. Formannafundur SSI er mótfallinn hvers konar sölu á aflakvótum skipa eins og áður hefur komið fram í ályktunum frá Sjómannasambandinu. Fundurinn fellst á að heimilt sé að flytja aflaheimildir milli skipa sömu útgerðar og milli skipa innan sama byggðalags. Jafnframt fellst formannafundurinn á að heimilt sé að skipta á veiðiheimildum einstakra tegunda enda sé um jöfn skipti að ræða. Að öðru leyti verði sala aflaheimilda bönnuð.

Verði hins vegar leyfð sala á aflakvótum í andstöðu við álit formannafundar SSI krefst fundurinn þess að viðkomandi sjómannafélög og sveitastjórnir verði umsagnaraðilar um söluna áður en heimild til flutnings er gefin.

Varðandi sölu skipa vill formannafundurinn breytingar á skattalögum þannig að söluverð skipa umfram tryggingamatsverð verði skattlagt sérstaklega til að koma í veg fyrir óeðlilega verðlagningu á skipum sem hafa miklar veiðiheimildir. Skatturinn skal tekinn óháð rekstrarafkomu og skal hann renna til Hafrannsóknarstofnunar til reksturs hafrannsóknarskipa og rannsókna á nytjastofnum á islandsmiðum.